

Fimmtudaginn 27. janúar 1994.

Nr. 14/1993.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Jóni Hrafni Hlöðverssyni

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Undanskot sönnunargagna. Brot gegn 2. mgr. 112. gr. alm. hgl. Sér-
atkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason og Ingibjörg Benediktsdóttir, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 22. desember 1992. Krefst ákærði aðallega, að meðferð málsins í héraði verði ómerkt og málinu vísað heim til meðferðar og dóms að nýju. Til vara krefst hann sýknu. Af hálfu ákærvaldsins er krafist staðfestingar dómsins.

Samkvæmt bókunum héraðsdómara í þinghaldi 11. desember 1992 játaði ákærði skilyrðislaust þá háttsemi, sem hann var ákærður fyrir. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa álitid, að hann væri að brjóta lög með því að taka við hnífnum. Mál þetta snerist því í héraði eingöngu um lagaatriði og ákvörðun refsiviðurlaga, og mátti því fara með það samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, svo sem héraðsdómari gerði, enda var því hvorki mótmælt af ákærða né verjanda hans samkvæmt bókun í þingbók. Dómaranum hefði að vísu verið rétt að bóka kröfur verjandans, en eins og mál þetta er vaxið, veldur það ekki ómerkingu hins áfrýjaða dóms. Ómerkingarkröfu ákærða er hafnað.

Ákærði tók við hnífi, sem notaður hafði verið til atlögu að manni, af kunningja sínum. Hann heyrði á vettvangi, að ásökun kom fram um þessa atlögu, án þess að gefa sig fram og afhenda hnífinn lög-reglumönnum, sem komnir voru á vettvang. Ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og færslu brots til refsíakvæðis.

Ákærði sagði af sjálfsdáðum til hnífsins strax daginn eftir, þegar hann var kallaður til yfirheyrslu, og vann þannig að því, að málið

upplýstist. Hann hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé. Þykja ekki næg efni til að ákveða honum frelsissviptingu vegna brots hans. Er honum því ákveðin sekt, sem telst hæfilega metin 30.000 krónur, og komi í hennar stað 10 daga varðhald, greiðist hún ekki innan mánaðar frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan kostnað vegna áfrýjunar málsins, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Hrafn Hlöðversson, greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, og komi 10 daga varðhald í stað hennar, verði hún ekki greidd innan mánaðar frá uppkvaðningu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

**Gardars Gíslasonar og
Ingibjargar Benediktsdóttur**

Við erum samþykkt niðurstöðu meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, að við teljum, að staðfesta beri niðurstöðu héraðsdómara um refsíákvörðun.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 11. desember 1992.

Ár 1992, föstudaginn 11. desember, er kveðinn upp á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er af Péttri Guðgeirssyni héraðsdómara í Dómhúsinu við Lækjartorg, dómur í málinu nr. S-220/1992: Ákærvaldið gegn Jóni Hrafn Hlöðversssyni, sem dómtekið var þann dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 1. desember 1992, á hendur ákærða, Jóni Hrafn Hlöðversssyni, Hjallabrekku 35 í Kópavogi, kt. 260662-6519, „fyrir að tálma rannsókn brots með því að hafa að-

faranótt sunnudagsins 16. ágúst 1992 haft á brott með sér hníf af brotavettvangi við Bankastræti 3 í Reykjavík, sem ákærða var ljóst að beitt hafði verið við líkamsárás og hann hafði tekið við úr höndum hins grunaða, og fleygt hnífnum niður í holræsi við Bólstaðarhlíð í borginni þar sem rannsóknarlögreglan fann hnífinn að kvöldi sama dags.

Telst þetta varða við 2. mgr. 112. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Ákærði hefur skýlaust játað það athæfi sem hann er ákærður fyrir. Þykir hann með því hafa gerst brotlegur við 112. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði hefur ekki áður sætt refsingu, svo að kunnugt sé. Þykir refsing hans nú vera hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. Rétt þykir að fresta framkvæmd refsingarinnar og ákveða að hún falli niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til Guðmundar Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Hrafn Hlöðversson, sæti varðhaldi í 30 daga. Framkvæmd refsingarinnar er frestað og fellur hún niður að liðnum 2 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Guðmundar Kristjánssonar héraðsdómslögmanns, 25.000 krónur.